

ÚTIV2ÚS05

Búið til: Sat, 04 Jan 2014 15:44:15 GMT

Titill

Útivist snjór

Skammstöfun

ÚTIV2ÚS05

Útgáfunúmer

4

Námsgrein

Útivist

Viðfangsefni

Útivist í snjó

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn er að mestu leyti verklegur og kynnir útivist sem hægt er að stunda þegar er snjór. Nemendur kynnast undirstöðuatriðum í ísklifri, skíðun (alpa, fjalla og göngu), snjóbrettun, gerð snjóhúsa og fjallamennsku. Mikil áhersla verður lögð á að nemendur verði sjálfstæðir í óbyggðum, geti metið aðstæður, t.d. breytt veðurskilyrði, með tilliti til öryggis og tekið skynsamar ákvarðanir varðandi t.d. leiðarval og notkun öryggisbúnaðar.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- útivist þar sem krafist er sérstaks útbúnaðar, td. fyrir gönguferðir, skíðaferðir, ísklifur og fl.
- náttúru Íslands og góðrar umgengni við hana

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leggja mat á aðstæður í óbyggðum og beita þeim sérhæfða búnaði sem notaður er til útivistar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann aflað sér til að:

- meta aðstæður með tilliti til öryggis og taka skynsamar ákvarðanir í samræmi við þær, sérstaklega ef breytingar verða á aðstæðum eins og t.d. breytt veðurskilyrði eða snjóalög
- geta stundað útivist þar sem krafist er sérstaks útbúnaðar, td. fyrir gönguferðir, skíðaferðir, hjólreiðar, brimbrettareið og fl.
- ferðast um óbyggðir Íslands á öruggan og ábyrgan hátt
- geta tekið þátt í upplýstri umræðu og rökræðum um málefni er tengjast útivist
- vera meðvitaður um umhverfi sitt, hafa lært að njóta þess, virða og nýta á skynsamlegan hátt með sjálfbærni í huga
- vera vel undirbúnir fyrir frekara nám einkum á sviði kennslu útivistar á háskólastigi

Námsmat

Áfanginn er bóklegur og verklegur og notast við leiðsagnarmat með símati alla önnina. Nemendur verða að standast mætingakröfur áfangans

Skólar

Fyrirmynd